

Mál nr. 406/2013
M
og V v/ frítímaslysátryggingar fjölskyldutryggingar.

Tilkynningafrestur laga um váttryggingarsamninga vegna slyss 31. janúar 2011.

Gögn.

1. Málskot móttækið 22. nóvember 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 4. desember 2013.

Málsatvik.

Tilkynnt var um slys M til V þann 15. maí 2013, en hann hafði slasast við skíðaiðkun erlendis þann 31. janúar 2011. M leitaði til heimilislæknis þann 15. febrúar 2011 var í kjölfarið sendur í myndatöku og lágu niðurstöður myndatökunnar fyrir 2. mars 2011. Þá kom í ljós að M hafði brotnað á vinstri öxl. M fór í sjúkraþjálfun í kjölfarið en það var ekki fyrr en á árinu 2013 sem hann leitaði til bæklunarlæknis. Í vottorði bæklunarlæknisins dags. 26. ágúst 2013 kemur fram að myndast höfðu einhverjar kalkanir í öxlinni sem og frekari afleiðingar axlarbrotsins, en áhættusamt væri að reyna að laga það með aðgerð. Það er mat læknisins að M hafi ekki getað gert sér grein fyrir því að afleiðingar þessar væru varanlegar fyrr en eftir að hann leitaði til bæklunarlæknis sumarið 2013.

M telur að hann hafi ekki mátt gera sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni í skilningi 124.gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 fyrr en hann leitaði til bæklunarlæknis. Vísar M sérstaklega til þess mats læknisins að hann hafi ekki getað gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins fyrr en sumarið 2013. Einnig vísar M til Hrd. 7/2009 og túlkun á ákvæði 124.gr. sem þar kemur fram um að upphafstími ársfrestins verði metinn sérstaklega með hliðsjón af atvikum hverju sinni.

V telur að túlka verði Hrd. 7/2009 með hliðsjón af hlutlægum atriðum, þ.e. að upphafstími ársfrests í skilningi 124.gr. laga um váttryggingarsamninga sé þegar greining áverka liggur fyrir. Ekki sé hægt að miða við huglæga afstöðu M sjálfs til mögulegra varanlegra afleiðinga.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að M greindist með axlarbrot með myndatöku í mars 2011 eða rúmum mánuði eftir að hann slasaðist. Þó meðferð við brotinu hafi að mestu verið sjúkraþjálfun og M hafi ekki sjálfur fengið endanlega staðfestingu á því að afleiðingar slyssins gætu verið varanlegar verður ekki litið framhjá því að áverkni hans var greindur í mars 2011. Vegna þessa og ekki síður í ljósi eðlis áverkans verða atvik að baki kröfu M talin hafa verið komin fram við greiningu áverkans í mars 2011. Það breytir ekki niðurstöðunni að komið hafi í ljós alvarlegri alveiðingar axlarbrotsins á árinu 2013. Tilkynning til V í maí 2013 var því of seint fram komin m.t.t. 1.mgr. 124.gr. laga um váttryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr frítímaslysátryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 20. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.